

Ársskýrsla Öldungadeildar

Aðalfundur haldinn þann 18. febrúar 2021

Á skýrslufundi Öldungadeilda vorið 2021 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn, s.k. Öldungaráð:

Ágúst Úlfar Sigurðsson
Eggert Ólafsson
Jón Ragnar Höskuldsson
Sæmundur Melstað
Örn Kaldalóns

Ekki náðist samkomulag um formann, þar sem engin vildi axla þá ábyrgð og hefur því ráðið verið forystulaust yfirstandandi starfsár.

Þrír stjórnarfundir voru haldnir á árinu, auk nokkurra vinnufunda.

Á fyrsta fundi ráðsins voru ræddar hugmyndir um væntanlega starfsemi Öldungadeildar á árinu og m.a. rætt um hvort grundvöllur væri fyrir samkomum sem tengdust fyrrum sérstökum fag- og áhugahópum. Ekkert varð þó úr því af augljósum ástæðum, þar sem samkomutakmarkanir hafa verið nánast allt starfsárið.

Í ársskýrslu 2020, þ.e. fyrir tveimur árum, er skráð:

Hugmyndir hafa komið fram um skráningu minja í miðlægan gagnagrunn, en að eigendur geymi gripina hver fyrir sig. Þetta gæti orðið góð lending varðandi nýja safngripi, en leysir ekki vandann fyrir eldri búnað þegar við flytjum frá Origo

Ákveðið var á fyrsta fundi Öldungaráðsins, að ráðast í uppsetningu á vef með sögu tölvubúnaðar í notkun á Íslandi frá upphafi og framundir 1990, þegar tölvubúnaður varð nánast neysluvara. Vefurinn var unninn í samráði við Arnheiði og Lindu á skrifstofu Ský og með góðum ábendingum frá þeim.

Vefurinn var settur í loftið í nóvember 2021 með vefslóðina tolvur.sky.is og hans getið nóvember hefti Tölvumála.

Þar verður rifjuð upp tölvunotkun og tækjæign fyrirtækja, þannig að sagan verð geymd og aðgengileg. Timarit.is er góð heimild, bæði frá dagblöðum og Tölvumálum, tímariti Ský, því það þótt tíðindi þegar ráðist var í kaup á tölvum. Þar er þó ekki tæmandi sögu að finna og því vonumst við til að eldri starfsmenn þess tíma skrái minningar á vefinn, hversu snauðar sem þær kunna að þykjast, því alltaf er möguleiki á að spinna við eldri minningar.

Öldungadeildin hefur umárabil safnað saman tölvubúnaði sem þótt hefur haft sögulegt gildi, en erfitt hefur reynst að finna honum varanlegan samastað. Nýherji og síðan Origo hefur góðfúslega hýst þennan búnað í vörugeymslum sínum, en þrýst á að hann verði fluttur þaðan.

(Þetta hefur kallað á grisjun, sem Þorsteinn Hallgrímsson mun gera grein fyrir hér á eftir)

Skýrsla lögð fram á skýrslufundi Öldungadeildar Ský, föstudaginn 18. febrúar 2022;
Öldungaráð – Stjórn Öldungadeildar Ský.